



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

6. árgangur 11. tbl.

Desember 2009

Svæitarstjórn Skeiða-og Gnúp-
verjahrepps sendir íbúum og
öðru samstarfsfólki
hughæilar jóla og
nýárskvæðjur
og þakkar samskiptin á árinu
sem er að líða.





Í byrjun desember var farið í jólaferð í Þjóðskóginnum í Þjórsárdal. Allir nemendur og allt starfsfólk skólans fóru ásamt mörgum foreldrum og nokkrum systkinum nemenda. Farið var í leik í myrkrinu þar sem nota þurfti vasaljós til að finna stöðvar með endurskinsmerkjum. Svo var farið í samvinnu- og hlaupaleik áður en haldið var í kakó og lummur við skýlið. Eftir það fóru þeir sem vildu jólatré með Jóhannesi skógarverði og völdu sér blágreni, stafafuru eða Þyn til að taka með heim. Aðrir nemendur fóru í hópum með starfsfólki skólans að sækja efni í skreytingar, föndur og smíðar til að nota á næstu vikum í skólanum. Eftir þá vinnu söfnuðust allir saman í hádegismat og borðaði hver sitt nesti. Sumir voru fljótir í mat og nýttu tímann á ísnum á ánni þar sem þau fundu dauðann lax undir ísnum og fór mikil orka í að reyna að nálgast hann. Lokaverkefni dagsins að finna jólatré fyrir skólann. Áður en það var felld söfnuðust allir saman í kringum tréð og sungu jólalög. Askasleikir mætti á staðinn og tróð sér inn í hringinn og tók þátt í gleðinni þar til hann þurfti að fara í önnur verkefni. Þegar hópurinn hafði kvatt Askasleiki þá skiptust nemendur á að saga tréð sem verðu reist við skólann. Veðrið lék við okkur nú sem endranær.

Aðventukvöld í Brautarholti og hátíðarstund að Blesastöðum

Allir nemendur tóku þátt í flutningi á helgileik og söng á aðventukvöldinu. Þar söng kór skólans tvö lög undir stjórn Stefáns Þorleifssonar. Seinna fóru svo nemendur í 1.-4. bekk og áttu hátíðarstund á Blesastöðum með heimilsfólki þar. Heimsókn á Blesastaði á sér ákveðinn sess hjá nemendum og vonandi heimilisfólki líka. Nemendur hlakkar til að fara og hitta fólkið og eiga notalega stund á aðventunni.

Síðustu dagar fyrir jól

Þessa síðustu daga fyrir jól er jólastemning tekin inn í kennsluna.

Á þriðjudag 15. des er rauður dagur í skólanum og þá munum við útbúa jóla-skreytingar og ýmislegt verklegt allan daginn.

Miðvikudaginn 16. des verður heitt kakó og smákökur í boði nemenda. Þá munu nemendur og starfsmenn njóta afrakstur úr heimilisfræði.

Fimmtudaginn verður jólastemning í matsalnum með hátíðarmat og jólasöng.

Föstudaginn 18. desember er síðasti dagur fyrir jól og þá höldum við „lítil“ jól hátíðleg. Skóli er þá kl. 09-11:30.

Svo hefst jólafrí. Mæting eftir jólafrí er mánudaginn 4. janúar samkvæmt stundatöflu.

*Bestu óskir til ykkar allra um glæðileg jól og farsælt komandi ár.
Ingibjörg María, skólasiðjóni*

58. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps fimmtudaginn

1. desember 2009 kl. 13:00 í Árnosi. Mættir voru: Gunnar Örn Marteinsson, oddviti, Tryggvi Steinarsson, Jón Vilmundarson, Ingvar Hjálmarsson og Björgvin Skafti Bjarnason sem jafnframt ritaði fundargerð. Samþykkt að taka á dagskrá málefni upplýsingamiðstöðvar í Árnosi.

1. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi mætti og fór yfir áætlunina með sveitarstjórn. Samþykkt að vísa áætlun til annarrar umræðu.

2. Gjaldastefna fyrir árið 2010 ákveðin, framhald umræðna frá síðasta fundi sveitarstjórnar og tillögur sem þar voru lagðar fram teknar til afgreiðslu.

Álagning gjalda hjá Skeiða-og Gnúpverjahreppi árið 2010 eftirfarandi.

a. Útsvar - Útsvar fyrir árið 2009 verður 13.28%

b. Fasteignagjöld

i. A- flokkur. Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og þær eru skilgreindar í 3.gr.í lögum nr.4/1995 verður 0.60% af heildar fasteignamati.

ii. B- flokkur . Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3. Gr. í lögum nr.4/1995 verður 1.32% af heildar fasteignamati.

iii. C- flokkur. Fasteigna skattur atvinnuhúsnæðis og öðrum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1.65% af heildar fasteignamati.

Afsláttur af fasteignaskatti fer eftir samþykktum sveitarstjórnar frá 7.febrúar 2006. Samkvæmt 3. gr þeirrar samþykktar geta þeir sem eru eldri en 67 ára, og þeir sem eru 75% öryrkjar eða meira sótt um afslátt á fasteignagjöldum þeirrar íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af öðrum tekjuviðmiðið er í lið 7. Gjald dagar fasteignaskatts eru í lið 8.

b. Vatnsgjald. Gjaldskrá vatnsveitu fyrir íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, og sumarhús verður óbreytt frá þeirri gjaldskrá sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar þann 6. október 2009.

c. Seyrulosunargjald. Árlegt gjald fyrir losun á seyru samkvæmt samþykkt nr. 149/2004 um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru verður 5.555.- kr. á rotþró.

d. Sorpgjöld. Sorpgjöld er lögð á samkvæmt samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Skeiða-og Gnúpverjahreppi sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar 8.des 2005. Samþykktin var staðfest á 84 fundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands þann 14.mars 2006, og staðfest af Umhverfissráðuneyti þann 5.janúar 2007. Sorpgjöld árið 2010 verða eftirfarandi.

Sorphirðugjald 240 L 7.835.- kr.

Sorphirðugjald 660 L 21.603.- kr.

Sorphirðugjald 1.100 L	35.990.- kr.
Sorpeyðingargjald íbúðarhús	7.479.- kr.
Sorpeyðingargjald sumarhús	5.600.- kr.
Sorpeyðingargjald atvinnu	20.377.- kr.

e. Lóðaleigugjöld innheimtast eftir lóðaleigusamningum.

f. Tekjuviðmið vegna afsláttar frá fasteignaskatti 2010.

Tekjur einstaklinga	Afsláttur
---------------------	-----------

Frá 0 kr.	til 1.889.075 kr.	100%
Frá 1.889.086 kr.	til 2.162.382 kr.	80%
Frá 2.162.383 kr.	til 2.289.582 kr.	60%
Frá 2.289.583 kr.	til 2.424.262 kr.	40%
Frá 2.424.263 kr.	til 2.566.866 kr.	20%
Frá 2.566.867 kr.	og hærrí	0%

Tekjur hjóna	Afsláttur
--------------	-----------

Frá 0 kr.	til 2.877.512 kr.	100%
Frá 2.877.513 kr.	til 3.136.658 kr.	80%
Frá 3.136.659 kr.	til 3.394.389 kr.	60%
Frá 3.394.390 kr.	til 3.653.535 kr.	40%
Frá 3.653.536 kr.	til 3.914.090 kr.	20%
Frá 3.914.091 kr.	og hærrí	0%

Gjaldastefna samþykkt.

3. Fundargerð Umhverfisnefndar frá 05.11.09. Fundargerð staðfest.

4. Fundargerð skólanefndar fundur nr. 40 haldinn 19.11.09. Fundargerð staðfest

5. Fundargerð skipulags og byggingarnefndar fundur nr. 18 haldinn 25.11.09

og afgreiðslufundur byggingarnefndar fundur nr. 35 haldinn 11.11.09.

Fundargerð nr.18 Máli númer 11 málsnúmer 20080831031 Jarphagi, frestað

Máli númer 12 málsnúmer 200911922173 Hulduheimar, frestað. Mál númer 13

málsnúmer 200911402189 Sandlækur, samþykkt. Afgreiðslufundur byggingar-
nefndar nr. 35 staðfestur.

6. Tillaga að breyttu aðalskipulagi Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna spildu úr landi Álfstaða. Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 á spildu úr landi Álfstaða. Landsspildan sem kallast Hulduheimar er um 44.8 ha að stærð og er í dag öll skilgreind sem landbúnaðar svæði. Með breytingunni er um 7 ha svæði spildunnar breytt í frístundabyggð vegna áforma um að byggja þar nokkur frístundahús, en meginhluti spildunnar verður áfram nýtt sem landbúnaðarland. Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi svæðisins og hefur hún verið lögð fram til kynningar í skipulags- og byggingarnefnd. Samþykkt að kynna tillöguna skv. 1. mgr. 17. Gr. Skipulags og byggingalaga.

7. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 frá skipulags- og byggingarfulltrúaembætti upp- sveita Árnessýslu og Flóahrepps. Lögð fram.
8. Ósk um umsögn vegna tillögu að aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022. Gögn afhent á síðasta fundi sveitarstjórnar. Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulags- fulltrúa að fara yfir skipulagið og staðfesta að það sé í samræmi við aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
9. Bréf frá Héraðssambandinu Skarphéðni með ósk um fjárstuðning. Erindinu hafnað.
10. Erindi með ósk um fjárbeiðni frá Stígamótum. Erindinu hafnað.
11. Erindi frá UMFÍ þar sem vakin er athygli á samþykktum frá 46. Sambands- þingi UMFÍ. Lagt fram.
12. Erindi frá Vottunarstofunni Tún v/sölu hlutafjár. Sveitarstjórn hafnar for- kaupsrétti Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
13. Fundargerð vegna Þjósársveita. Lögð fram.
14. Kynnt kauptilboð í Bugðugerði 5a. Samþykkt að fela oddvita að selja Bugðugerði 5a á grundvelli kauptilboðs, frá Lögmönnum Suðurlands í umboði Hildar Lilju Guð- mundsdóttur og Björns Júlíusar Grímssonar.
15. Sorpurðun og mál henni tengd. Farið yfir valkosti í urðunarmálum.
16. Kynnt vinna sem er í gangi varðandi lausn á kaldavatnsmálum í Árnesi. Frestað til næsta fundar.
17. Upplýsingamiðstöð í Árnesi. Helgi Bjarnason frá Landsvirkjun og Björn G. Björnsson sýningahönnuður mættu á fundinn. Björn greindi frá sinni vinnu við undirbúning sýningar sem ætluð er í upplýsingamiðstöðina.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16.30

Frá Skógræktarfélagi Árnesinga

Opnir dagar í skóginum á Snæfoksstöðum þar sem fólki er gefin kostur á að höggva sína eigin jólafuru.

Opið verður 19. og 20. des. Frá kl 10,00 – 16,00.

Fyrir og eftir þennan tíma er of dimmt til høggs.

Verð trjána:

Furur upp að 1,50 metrar kr. 5000

Furur 1,50 – 2,00 metrar kr. 7000



Hó hó hó

Heyrst hefur að þann 23. desember verða jólasveinar á ferð um Skeiða- og Gnúpverjahrepp og vilja þeir heimsækja heimili og aldrei að vita nema þeir vilji taka lagið með krökkunum. Heimsókn á bæ kostar 1500 kr.

Pantanir skulu berast fyrir 22. desember í netfangið: jola-veinumfg@gmail.com eða síma: 8609682

Þeir sem vilja koma sendingu á sveina verður það rätt nánar við pöntun.

Óskum nýmendum og starfsfólki Þjórsárskóla, áhaldahúss og skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps

*Gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.*

Þökkum samveruna á árinu sem er að líða.
Guð blessi ykkur öll.

Jóhanna og Þerglæif.



Leiklistarnámskeið.

U.M.F.G ætlar að halda leiklistarnámskeið í janúar 2010

Kennari verður Vilborg Halldórsdóttir leikkona.

Gott tækifæri til að koma sér í leiklistargírinn fyrir Gauks sýninguna.

Allir velkomnir, áhugasamir hafið samband.

Sigrún Fossnesi sími 486-6079 og 895-8079 og fossnes@uppsveitir.is

Póra í Haga sími 482-2929 og 847-2930

Sirýr Þrándarholti sími 891-6334



Fréttir af Gauki á Stöng

Áhugahópur um sögu og menningu Þjórsárdals "Undan öskunni" hefur verið til um nokkurt skeið, í hópnum eru fjölmargir íbúar í Skeiða- og Gnúp-verjahreppi og allir velkomnir sem áhuga hafa. Ein af mörgum hugmyndum sem hafa þróast á þessum vettvangi er leikverk um kappann Gauk Trandilsson á Stöng. Vilborg Halldórsdóttir leikkona vinnur að því að skrifa leikverk uppúr lífssögu Gauks sem glötuð er. "Gauks sögu Trandilssonar var áætlaður staður eftir Njálssögu í Möðruvallabók og segir það sitthvað um mikilvægi hennar".

Unnið hefur verið að undirbúningi þessa verkefnis frá því síðla árs 2008. Haldnir hafa verið ýmsir fundir og fjármagns leitað í undirbúningsvinnu. 1. desember sl. hittist verkefnistjórn og fleiri aðilar sem að verkinu koma: Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi, Sigrún Bjarnadóttir Fossnesi og Eyþór Brynjólfsson sem leiða hópinn, einnig Vilborg Halldórsdóttir leikkona og höfundur handrits, Halla Guðmundsdóttir Ásum leikkona og Magnea Gunnarsdóttir Þrándarholti tónlistarkennari.

"Upp úr ýmsum fornum heimildum hefur sprottið handrit sem er í vinnslu og framundan er vinna í því að þætta saman tónlist við textann sem er í sífelldri mótun. Þá tekur við spunavinna með leikurum. Tónlist gegnir veigamiklu hlutverki í sýningunni, tengir hana saman. Stefnt er að þetta handrit verði til í tveimur lögum; annarsvegar sagan öll sem og önnur útfærsla sem færri leikendur geta flutt" segir Vilborg handritshöfundur.

Næsta skref er að finna leikara og horft er til heimafólks í þeim efnum.

Boðið verður upp á leiklistarnámskeið í byrjun janúar í sveitinni og stefnt er á að sýna leikritið í Árnesi í vor á vegum Ungmennafélags Gnúpverja.

Verkefnisstjórn



Happadrætti S.Í.B.S.

Styrkið gott málefni og fáid ykkur miða. Umboðsmaður
Sigrún Fossnesi. Sími 486-6079 og 895-8079 foss-
nes@uppsveitir.is



Jólaþveðja

*Sendum öllum óskir um gleðileg jól
og farsældar á komandi ári.*



Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Flúðaleið og SR-Grænmeti.

FRUMNÁMSKEIÐ VINNUVÉLA Á Flúðum

Fyrir væntanlega stjórnendur lyftara með allt að 10 t lyftigetu,
dráttarvéla m/tækjabúnaði, krana minni en 18 tm, valtara, mal-
bikunarvéla og fjölnotatækja upp að 4 t eigin þyngd, verður haldið á
Flúðum,

25., 26. og 27. janúar 2010, ef næg þátttaka fæst.

Kostnaður er ca 23.000 per mann.

Möguleiki er að fá námsgögn á erlendum tungumálum.

Skráning og upplýsingar í síma 892-2370 eða í
netfangið fludaleid@simnet.is



Vinnueftirlit ríkisins og Flúðaleið ehf

Pistill frá Oddvita

Snjómokstur

Í síðasta fréttabréfi minntist ég aðeins á að blikur væru á lofti með það að ríkið væri að draga úr fjárveitingum til snjómoksturs. Nú liggur það fyrir að úr fjárveitingum verður dregið á þann hátt að ríkið greiðir eingöngu helming kostnaðar við mokstur á móti sveitarfélaginu þrjá daga í viku, í stað fimm daga áður, við mokstur á útvegum, þar til ekki eru nema tvö heimili eftir á afleggjara en þá kemur það í hlut sveitarfélagsins að greiða allan kostnað við moksturinn (dæmi: leiðin frá Hæli að Hlíð, og frá Vorsabæ að Fjalli).

Vegagerðin sér um moksturinn á aðalvegum s.s. Skeiðavegi, Þjórárdalsvegi og Skál-holtsvegi.

Þrátt fyrir þessa lækkun á fjárveitinga frá ríkinu munum við reyna að finna fremsta megni að minnka ekki þjónustuna á þessu sviði, en komi til þess að veturinn verði snjóþungur getur þurft að draga úr mokstri vegna mikils kostnaðar við þennan málaflokk.

En verður ekki veturinn bara finn, mátulega mikill snjór?

Brautarholt

Eins og vegfarendur sem átt hafa leið framhjá Brautarholti hafa sjálfsagt tekið eftir þá er hann Vignir Svavarsson kominn með hluta af tækjasafninu sínu og þeirra í Nesey á svæðið og þeir farnir að grafa í gríð og erg, þeir eru að ganga frá skolplögnum og gera klárt undir malbikun sem verður framkvæmd með vorinu. Það er full ástæða til að hrósa Vigni og þeim sem með honum hafa verið í þessum framkvæmdum fyrir hversu litlu ónæði þessar framkvæmdir hafa valdið miðað við umfang þeirra.

Hljóðmálin í salnum í Brautarholti verða lagfærð á næstunni og mun hann Óli Leifs sjá um þann þátt mála sem hann er tækjum búinn til og heyrir undir að klæða á vegg þess sem þar á að koma. Aðrir verða fengnir til að sprauta sérstöku efni í loftið á salnum. Þetta er allt unnið eftir forskrift sérfræðinga á þessu sviði. Vonandi heppnast þessar breytingar vel og fólk heyri til dæmis á næsta hjónaballi þegar gert verður grín að oddvitanum, af nógu er að taka.

Fjárhagsáætlun

Fyrri umræðu um fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 er lokið en seinni umræða verður tekinn á fundi sveitarstjórnar 15. des. n.k. Það er ljóst að herða verður aðhald í rekstri sveitarfélagsins á næstu árum, ástæðan er sú að tekjurnar eru heldur að minnka á meðan kostnaður er að aukast, þetta eru víst ekki sannindi sem koma neinum á óvart. Hvað varðar rekstur sveitarfélagsins almennt

má segja að ekki hafi komist jafnvægi á hann eftir sameiningu sveitarfélaganna fyrr en við hækkuðum álagningu fasteignagjalda á atvinnurekstur annan en landbúnað, og heimilt var að leggja á byggingar sem eru neðanjarðar. Lang stærsti greiðandi í þessum álagningarflokki er Landsvirkjun en það fyrirtæki greiðir um hundrað milljónir í skatta til sveitarfélagsins. Aðrir greiðendur sem eiga atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu hafa einnig þurft að taka á sig auknar álögur, sem dæmi hafa ferðapjónustuaðilar þurft að greiða talsverðar upphæðir í fasteignagjöld þar sem þeir eru yfirleitt í húsnæði sem er með hátt fasteignamat. Hinsvegar hafa þjónustugjöld hjá okkur eins og til dæmis leikskólagjöld, mötuneytisgjöld, sorpgjöld ofl. verið lægri en gengur og gerist hjá nágrannasveitarfélögum okkar.

Sameining sveitarfélaga


Umræður um sameiningar sveitarfélaga eru alltaf að koma upp á yfirborðið öðru hverju. Að undanfögnu hefur Kristján Möller ráðherra sveitarstjórnarmála boðað stóra sameiningu sveitarfélaga. Ég tel nokkuð ljóst að í framtíðinni mun koma til enn meiri sameiningar. Það er mín skoðun að ef fara skal þá leið, verði að ákveða hvert endanlegt mynstur verði á þessum málum og ég tel að sameiningar séu ótímabærar fyrr en slíkt mynstur liggur fyrir.

Árið

Árið 2009 er senn á enda runnið og hefur sjálfsagt verið með misjöfnun hætti hjá okkur öllum. Eitt höfum við þó öll þurft að hlusta á allt árið, í öllum fjölmiðlum, sama hver þeirra það er, en það er svartsýnistal og endalausar vangaveltur um að allt stefni í óefni hjá okkur Íslendingum. Ég veit vel að ástand mála hjá okkur hefur oft verið betra en það hefur líka oft verið miklu verr. Vonandi ber nýtt ár með sér meiri bjartsýni og jákvæðari umræður í þjóðfélaginu.

Að lokum óska ég ykkur öllum alls hins besta á aðventunni og óska ykkur gleðilegra jóla, og þakka samveruna á árinu.

Oddviti.



Pistill frá sóknarpresti.

Nú eru margvíslegar breytingar í bígerð í tengslum við kirkjustarfið. Kirkjuping ákvað nú í haust að sameina þrjú prófastsdæmi á Suðurlandi þannig að segja má að hið forna Árnesprófastsdæmi sé ekki lengur til. Sr. Eiríkur í Hruna hættir því sem prófastur nú um áramót. Biskup hefur sett séra Halldóru Þorvarðardóttur í Fells-múla til að vera prófastur hins nýja Suðurprófastsdæmis til tveggja mánaða meðan fram fer tilnefning meðal starfandi presta og sóknarnefndarformanna um það hverjum mönnum hugnist helst að taki formlega við þessu verkefni 1. mars 2010. Hið nýja prófastsdæmi nær frá Selvogi austur í Lón og telja rúmlega tuttugu og tvö þúsund þjóðkirkjumeðlimi. Vestmannaeyingar munu færast úr Kjalarnesprófastsdæmi og verða að nýju með Sunnlendingum.

Þetta mun kalla á töluvert breytt hlutverk prófastsembættisins og þeirra verkefna sem því verður ætlað. Því hefur það nú orðið að ráði að embætti sóknarprests Stóra-Núpsprestakalls umbreytist í embætti héraðsprests hins nýja Suðurprófastsdæmis. Héraðsprestar eru starfandi í öllum stærri prófastsdæmum landsins.

Í samræmi við ákvörðun Kirkjupings frá því nú í haust um breytta skipan prestakalla og prófastsdæma, mun þetta hafa það í för með sér að Ólafsvalla- Stóra Núps-Hrepphóla- og Hruna- sóknir mynda nýtt prestakall sem dregur nafn sitt af staðnum þar sem prestsetrið á að verða og heita Hrunaprestakall. Svo sem flestum er kunnugt þá gekk samþykkt Kirkjupings út á það að Hruna- og Stóra Núpsprestaköll yrðu sameinuð um leið og annar hvor prestanna léti af störfum eða tæki við öðru embætti. Þar sem ég er sá prestur sem hverf á braut sem sóknarprestur Stóra-Núpsprestakalls þá verður það hlutskipti þeirra sem áður tilheyrðu Stóra- Núpsprestakalli að fá til þjónustu við sig prest sem þau hafa ekki átt þátt í því að velja. Það er von mín og bæn, að fólk taki þessu með ríkum skilningi og umburðarlyndi og ég treysti því að svo verði.

Þetta mun enn fremur óhjákvæmilega kalla á einhverjar breytingar á skipan þeirrar prestsþjónustu sem veitt hefur verið hér um slóðir.

Ég mun því syngja mína síðustu messur sem sóknarprestur Stóra-Núpsprestakalls í kirkjunum, þann 31. desember kl. 16:00 á Ólafsvöllum og kl. 14:00 á Nýjárddag á Stóra-Núpi en um leið hættir Stóra-Núpsprestakall að vera til sem slíkt, en sóknirnar standa óbreyttar.

sr. Axel Árnason Njarðvík

Helgihald í Stóra-Núpsprestakalli á jólum 2009

Á jólanótt verður guðsþjónusta í Stóra-Núpskirkju og hefst hún kl. 23:30.

Hátíðarguðsþjónusta verður í Ólafsvallakirkju á jóladag kl 11:00.

Á gamlársgdag 2009 verður aftansöngur í Ólafsvallakirkju kl 16:00.

Á nýjársgdag 2010 verður guðsþjónusta í Stóra-Núpskirkju kl. 14:00.

Ég vil hvetja sóknarbörnin til að sinna helgihaldi sínu um jólin, hvort sem er með kirkjugöngum og eða með öðrum hætti.

Megi þið eiga gleðiríka jólahátíð og árið nýja verða okkur öllum blessunarríkt og bjart.

Sr. Axel Árnason Njarðvík

Jólabjöllur af Ólafsvallakirkju og Stóra-Núpskirkju til sölu.

Hægt er að nálgast jólabjöllurnar okkar fallegu hjá Helgu í Tröð sími 486-5650 helga@uppsveitir.is, Guðjóni og Valgerði á Húsatóftum sími 486-5530 valhus@uppsveitir.is og hjá Axel Árnasyni sóknarpresti í Eystra-Geldingaholti.

Þær kosta 1500 kr. stykkið.

Upplagt til gjafa.

Með kærri kveðju
sóknarnefndir Ólafsvallakirkju og Stóra-Núpskirkju

Sorphugleiðing í desember!

Nú eiga öll dekk **að fara** í járnagáminn sem er nýtt fyrir okkur hér í sveitarfélaginu. Dýragámurinn er kominn á efra gámasvæði, heyrúlluplastið verður sótt 17. desember og brúna tunnan losuð þann 22. des.

Við frágang á heyrúlluplastinu skal hafa í huga:

- Hristið hey úr plastinu.
- Plastið skal vera laust við aðskotahluti s.s. baggabönd, snæri, net og annað slíkt.
- Þjappið plastinu saman í viðráðanlegar einingar.
- Geymið plastið á þurrum og skjólgóðum stað.

Þeir sem hafa sett plastið í kör sem lyfta sorpbílsins ræður ekki við, þurfa að vera heimavið þegar bíllinn kemur til þess að aðstoða við losunina með traktor.

Jólagjafapappír og bylgjupappi má fara beint í grænu tunnuna en sléttur pappi (utan um margar jólagjafir) á að fara í glærum poka í þá grænu!

Með því að flokka sorp minnkar þú rúmmál þess sorps sem urða þarf. Það sparar landrými á urðunarstað og eykur sparnað.

Á norðurslóðum er sérstaklega nauðsynlegt að minnka úrgang því niðurbrot er hægt við aðstæður eins og t.d. finnast hér á Íslandi.

Oddviti

Sorpdagatal

- 17. desember verður heyrúlluplast sótt.
- 22. desember verður brúna tunnan losuð.

Nánari upplýsingar munu berast síðar um sorpdagatal 2010 .

Bendum einnig á heimasíðu hreppsins www.skeidgnup.is en þar er hægt að nálgast allar upplýsingar um sorpmálin.

Óskum öllum sveitungum

Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Pökkum viðskiptin og samveruna á árinu sem er að líða.



**Jólaþakveðja
Jóhanna og Bergleif.**

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:
12:00 frá Landflutningum og 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693
netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

892-2372- Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2308- Trailer / 892-2316- Trailer

EIMSKIP

Landflutningar
SAMSKIP

Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar

Góðir sveitungar og aðrir!

Vegna skipulagsbreytinga á skrifstofu hreppsins er ákveðið að vinna við Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps fari öll fram á skrifstofunni frá og með janúar 2010. Kristjana Gestsdóttir mun hafa umsjón með því hér eftir og er fólk beðið um að hafa samband við hana um efni á netfangið kidda@skeidgnup.is og í síma skrifstofunnar 486-6014.

Helga Kolbeinsdóttir hefur séð um vinnuna við það undanfarin ár og eru henni þökkun vel unnin störf.

Oddviti

Næsta Fréttabréf kemur út föstudaginn 15. janúar
Skilafrestur efnis er til sunnudagsins 10. janúar.

Umsjón með fréttabréfinu hefur Helga Kolbeinsdóttir - helga@skeidgnup.is
Ábyrgðarmaður er Gunnar Örn Marteinnsson Oddviti

Athugið

**Framvegis þarf allt efni að berast Kristjönu á hrepps-
skrifstofunni á netfangið kidda@skeidgnup.is**

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin mánudaga-fimmtudaga frá
kl. 9-12 og 13-15. Sími 486-6014 Fax 486-6091 www.skeidgnup.is

Dósasöfnun

Eins og sumir hafa orðið varir við erum við farin af stað með dósasöfnun.
Það er liður í fjáröflun okkar fyrir Danmerkurferð næsta haust. Við ætlum
næst að vera á ferðinni strax upp úr áramótum.

Takk fyrir góðar viðtökur,
9.bekkur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í ÁR-
NESSÝSLU.




Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3 sími: 533 2211.
Mánudaga til föstudaga kl. 13:00,
Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.
Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.
Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300
Neyðarsími 892-8804



Við höfum sett upp mikið af jólaljósum og ekki veitir af að lýsa upp skammdegið. Í desember gerum við ýmislegt skemmtilegt eins og alla aðra mánuði ☺ Börnin í Stórholti heimsækja Kertasmiðjuna og þökkum við Kristjáni kærlega fyrir að taka á móti okkur. Elsti hópurinn okkar, sá fjólublái, mun fara í „jólaferð“ 21.des. nk. Þá ætlum við að fara á Eyrabakka og skoða jólasýningu í Húsinu, heimsækja bókasafnið á Selfossi og syngja jólalög fyrir dvalargesti á Blesastöðum. Við verðum með jólasveinahúfudag þann 14.des. og 16.des. munum við baka piparkökur og halda svo litlu jólin 18.des. ☺ sem sagt nóg að gera hjá okkur.

Jóla kvæðja frá börnum og starfsfólki Leikholts.



Stúlka: „ég er að fara á sundskeið“ (átti við sundnámskeið)


Drengur. „þegar allar tennunar eru dottnar þá eru þær mannlausar!“

Stúlka. „sérðu nýju regnhlífarnar mínar? amma þrjónaði þær „(átti að vera legghlífur)

Börn voru að syngja jólasveinar einn og átta. Drengur: „jólasveinar eiga ekki síma. Hvernig geta þeir hringt í jólaklukkunar ??“

HAHAHHAAHHAHHAAHHAHHHAHHHHHAHHHAHHAAHHAHHAAHHA

Á bak við eldavélina



Ég þakka Kari fyrir áskorunina, ég er nú ekki mikill matgæðingur en ég ætla að reyna hvað ég get að koma með eitthvað sem nýtist í eldamennskunni.

Eg ákvað að koma með uppskrift af hreindýrabollum og ofnbökuðum kartöflum, það er einfalt og fljótlegt.

Hreindýrabollur

500-700 gr hreindýrahakk

1/2 dl mjólk

1/2 dl hveiti

1/2 laukur

2 stk paprikur

Krydd

Ólífulía.

Kartöflur



Þið skerið laukinn og paprikurnar smátt og blandið saman við hakkið ásamt kryddi að eigin vali, 1/2 dl af mjólk og 1/2 dl af hveiti.


Hrærið vel, mótið svo bollur sem þið steikið svo á pönnu, soðið af bollunum notist í sósu ásamt sósulit og sósujafnara.

Kartöflurnar eru skornar í skífur misjafnt eftir smekk hvers og eins hve þykkar þær eru. Þær eru settar ásamt kryddi og olíu í plastpoka svo hægt sé að nudda kryddinu og olíunni betur á kartöflurnar svo eru þær settar í ofnfast mót og inn í ofn á 170 gráður í 40 mínútur.



Ég ætla að skora á nágrannakonunni mína í Vorsabæ hana Unni Lísu Schram að koma með eitthvað gott í næsta blað.

Kveðja Svala



Frá heilsugæslunni í Laugarási.

Opnunartími stöðvarinna breytist
frá og með 1. jan. 2010

Opið verður frá kl 8:30 á morgnana til kl 16:30
Símatímar verða sem fyrr frá kl 9-9:30 og 13-13:30
Sími stöðvarinnar er **480 5300**

Viola Snyrtistofa á Flúðum Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð - Húðhreinsun

Litun og plokkun -

Handsnyrting - Fótsnyrting

Förðun - Vaxmeðferð



Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dömur og herra frá GUINOT og förðunurvörur frá NO NAME Tímapantanir í síma 566-8342 og 856-1599 (Hlíf)

Opnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Skeiðalaug

Neslaug

Mánudaga: lokað

17 – 21

Þriðjudaga: 17 – 21

lokað

Miðvikudaga: lokað

17 – 21

Fimmtudaga: 17 – 21

lokað

Föstudaga: lokað

lokað

Laugardaga: 13 – 17

13 – 17

Sunnudaga: lokað

lokað

**Lestrarfélag Skeiða-
og Gnúpverjahrepps
Bókahúsins Brautarholti**
bokasafn@skeidgnup.is
S: 486-5505

**Síðasti opnunardagur
fyrir jól er á Þorláks-
messu.**

**Viðskiptavinir eru minntir á að
skila bókum sem fengnar hafa
verið að láni.**

Opnunartími

Mánudagur kl. 16 -18
Miðvikudagur kl. 16 -18
Fimmtudagur kl. 20 -22

**Vinsamlegast virðið tímamörk á
nýjum bókum en það er 2 vikna
útlán á þeim.**



Opnunartími skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps um hátíðirnar.

23. desember opið frá kl. 9:00 til 12:00
24. desember lokað
28. desember 10:00 – 12:00 og 13:00 -15:00
29. og 30. desember hefðbundinn opnunartími
31. desember opið frá 9:00 til 12:00



*Starfsfólk hrepps skrifstofunnar óskar samstarfsfólki,
hreppsbúum og öllum viðskiptavinum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.*

Átgrindur - milligrindur



Í ljósi aðstæðna í íslensku þjóðfélagi höfum við gert samkomulag við birgja okkar í fjósinnréttingum. Höfum við því hafið eigin framleiðslu og af því tilefni bjóðum við nú **20% afslátt** í þessum vöruflokki. *Frír flutningur á Akureyri*



Slæðivarnir og úrval festinga



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Fjós eru okkar fag

landstolpi.is

TAXI – TAXI
LEIGUBÍLL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU
8 FARÞEGA BÍLL, STAÐSETTUR Á FLÚÐUM
HAFIÐ SAMBAND
Í SÍMA: 893-1462 (UNNAR)

Frá UMFG

Körfuboltaæfingar fyrir karla og konur eru á fimmtudagskvöldum kl. 20.30 í Árnesi. Hentar öllum.



Jólaball kvenfélaganna í Árnesi 29. des. kl.14:00

- Hið árlega jólaball kvenfélaganna verður haldið í Árnesi þann 29. desember kl.14:00.*
- Jón Bjarnason sér um tónlistina og vonandi gefur jólasveinninn sér tíma til að koma.*
- Ætlunin er að hafa kaffi og með því, og börnin fá ávaxtasafa, **fólk er því beðið að taka með sér meðlæti með kaffinu.** Aðgangseyrir er 500,- fyrir 14 ára og eldri. Njótum stundarinnar með börnunum og fáum okkur gott kaffi.*



Undirbúningsefnd

Kvenfélags Skeiðahrepps og Kvenfélags Gnúpverja.

Dans 2010

Eftir jólin dustum við af dansskónum og pöntum okkur tíma á dansnámskeið sem hefst sunnudaginn 3. janúar 2010. Kennt verður frá kl. 15.00 til 17.00, alltaf á sunnudögum. Námskeiðsgjald er 17.000 kr./parið fyrir 10 klst. kennslu. Kennt verður í 2 klst. í senn í alls 5 skipti. Kennslan fer fram í golfskálanum á Efra-Seli og kennari er Anna Berglind. Kenndir verða samkvæmisdansar, tjútt, gömlu dansanir ofl. Áhugasamir hafi samband við Ástu Guðnýju í síma **486-6690** eða á netfangið asta.gudny@kaffisel.is fyrir 30. desember n.k.



Frá bókasafni

Nú þegar jólamánuður er genginn í garð og árið 2009 er að líða, er rétt að geta þess hvað hefur verið starfað á safninu frá því að það var opnað. Jólabækurnar hafa verið að koma í hús og hefur útlán á þeim aukist og **því þarf að brýna fyrir lesendum að virða tímamörk á nýjum bókum.**

Búið er að tengja rétt um 5000 eintök í Gegni og hefur sú vinna gengið vel, einnig er farið að lána bækur í útlánþætti. Er það til mikillar bóta þar sem lánþegi getur séð á netinu hvað hann er með að láni og endurnýjað þær bækur sem hann vill hafa áfram með því að fara á gegnir.is og skrá sig inn í kerfið. Hægt er að fá aðstoð á safninu um hvernig á að skrá sig inn.

Þar sem bókasafnið er staðsett við hlið leikskólans var fljótlega farið að huga að heimsóknnum barnanna á safnið. Börnin koma í sögubíó og eru þá lesnar bækur og horfa þau á myndirnar úr bókinni á tölvu. Á alþjóðlega Bangsadeginum 2008 komu börnin með bangsana sína í heimsókn og hlustuðu á sögu um Bangsimon. Keyptir voru tveir bangsar og ákveðið að annar Bangsinn yrði á bókasafninu (feimni bangsinn hann Björn) en hinn fengi að fara á leikskólann og kynnst börnunum. Leikskólabangsinn hefur fengið nafnið Bangsimon, honum fylgir skólataska með pennaveski og dagbók. Í október var svo Bangsadagurinn haldinn í annað sinn, þá komu börnin og Bangsimon á safnið og hittu nýja bókasafnsbangsann hann Leó. Lesin voru ævintýri upp úr dagbók Bangsimon sem hann hafði lent í með þeim börnum sem hann hefur farið heim með. Mikið hefur verið þrjónað í sal safnsins í vetur og hafa konur verið duglegar að mæta og deila með sér kunnáttu og uppskriftum.

Þar sem af er vetri hafa börn úr Þjórsárskóla komið á safnið, ekki hefur verið safnkennsla þetta haustið, en þau koma og ná sér í bækur til lestrar og hafa tekið í spil.

Á safnahelgi Suðurlands var opnaður bókamarkaður og var ákveðið að hafa verð á bókum lágt eða bókin á hundrað krónur. Enn er til mikið af bókum og er því enn hægt að koma á safnið og kaupa bækur á gjafverði. Endilega komið og skoðið úrvalið.



Það lokum vil ég óska öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þorbjörg Hj. Halldórsdóttir

Umhverfisverðlaun 2009 til Blesastaða 1a

Þann 8. desember s.l. voru umhverfisverðlaun Umhverfisnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps afhent. Nokkrar tilnefningar bárust og ákveðið var að Hólmfríður Birna Björnsdóttir og Magnús Trausti Svavarsson hlutu þau þetta árið fyrir Hrossaræktarbúið Blesastöðum 1a. Verðlaunin eru veitt annað hvert ár og er þetta í þriðja sinn sem þau eru veitt. Nú er það myndarleg uppbygging og snyrtimennska utan húss sem innan að Blesastöðum 1a sem vekur athygli og öðrum hvatning að mati Umhverfisnefndar. Innilegar hamingjuóskir með verðlaunin fylgja hér með og eru þau vel að þeim komin.



Heimilisfólkið á Blesastöðum 1a þau Hólmfríður, Magnús Trausti, Karen, Hrafnhildur og Hekla Salóme ásamt Hörpu Dís formanni umhverfisnefndar og Gunnari Erni oddvita.

Nýir eigendur að Bugðugerði 5a

Sveitarfélagið hefur selt stærri íbúðina í Bugðugerði 5a, Árnesi. Gunnar Örn Marteinnsson oddviti gekk frá sölnunni þann 8. desember s.l. og afhenti nýjum eigendum lyklana en það eru þau Hildur Lilja Guðmundsdóttir og Björn Júlíus Grímsson. Alltaf er ánægjulegt þegar einstaklingur eða fjölskylda getur eignast sitt eigið húsnæði og er þeim óskað innilega til hamingju með nýja heimilið sem þeim vonandi mun líða vel í ásamt ungum syni.



Gunnar Örn oddviti, Björn Júlíus Grímur Freyr og Hildur Lilja.



Gleðileg jó!